

## Niðurstöður kennslumats á vorönn 2018


Könnunin fór fram í kennslumatskerfi INNU eins og undanfarnar annir. Gæðastjóri og sviðsstjóri gerðu tillögur um hvaða áfanga skyldi meta og deildastjórar fóru yfir þá lista að höfðu samráði við kennara sinna deilda. Nokkrar athugasemdir bárust í framhaldinu og var tekið tillit til þeirra áður en opnað var fyrir matið. Almennt er miðað við að allir áfangar séu metnir aðra eða þriðju hverja önn en stundum eru þeir þó metnir oftar; til dæmis ef tekið hefur verið í notkun nýtt námsefni, nýjar kennsluaðferðir eru reyndar eða ef áfangi er kenndur af nýjum kennara.

Kennslumatið fór að þessu sinni fram dagana 13. mars til 11. apríl. Páskaleyfi í skólanum kemur þó inn á þetta tímabil en það var dagana 26. mars – 3. apríl og kennsludagar á tímabilinu voru því ekki nema 15. Kennarar voru sem fyrr beðnir um að búa í haginn fyrir nemendur þannig að þeir gætu framkvæmt matið. Hægt var þanta fartölvuvagn, þanta tíma í tölvuveri, fá aðstoð netstjóra/kerfisstjóra eða gefa frí í hluta kennslustundar þannig að nemendur hefðu tíma til að taka þátt. Þetta var ekki mikið notað og er ljóst að flestir nemendur notuðu snjallsíma eða eigin tölvu til að svara könnuninni.

Svarhlutfall var að þessu sinni ekki nema 36,5% sem er þónokkuð lægra en síðustu annir (47,3% á haustönn 2017 og 40,3% á vorönn 2017). Ljóst er að eitthvað þarf að gera til að hækka þetta hlutfall, hugsanlegt er að fækka spurningum og jafnframt mætti skoða hvort ástæða sé til að bjóða svarendum einhverja „gulrót“ eins og útdráttarvinninga eða þessháttar. Alls voru 80 áfangar metnir að þessu sinni og hóparnir voru 107. Kynjaskipting þeirra sem svöruðu var mjög lík skiptingu kynja í skólanum; 58,1% svarenda voru konur en á vorönn voru konur 59,2% allra skráðra dagskólanemenda við skólann.

Þó að svörun þessa önn hafi verði mjög lítil þó hefur hún mælst lægri; sjá mynd. Hún fer lækkandi og er ljóst að næstu annir þarf að gera átak til að auka svörun að nýju.


Þátttaka í kennslumati



Hér á eftir eru svör nemenda við einstökum spurningum settar fram á myndrænan hátt. Aðeins eru birt svör þeirra sem afstöðu tóku, en yfirleitt voru það um 2- 3% svarenda sem ekki tóku afstöðu til einstakra spurninga.


**Kyn**

Karl	329	41,9%
Kona	456	58,1%
	785	100,0%




**Ég mæti vel í kennslustundir**

Mjög ósammála	23	3,0%
Frekar ósammála	111	14,2%
Frekar sammála	263	33,8%
Mjög sammála	382	49,0%



**Ég fylgist vel með og vinn verkefni samvisskusamlega**

Mjög ósammála	16	2,1%
Frekar ósammála	65	8,4%
Frekar sammála	279	36,1%
Mjög sammála	413	53,4%




**Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga**

Mjög ósammála	46	6,0%
Frekar ósammála	86	11,3%
Frekar sammála	278	36,4%
Mjög sammála	354	46,3%




**Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi**

Mjög ósammála	60	8,0%
Frekar ósammála	102	13,7%
Frekar sammála	260	34,9%
Mjög sammála	324	43,4%




**Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans**

Mjög ósammála	20	2,7%
Frekar ósammála	61	8,1%
Frekar sammála	272	36,3%
Mjög sammála	396	52,9%



**Áætlaðu hvað margar klukkustundir á viku þú notar í heimavinnu í áfanganum (lestur, verkefnavinna o.þ.h.)**

0-1	212	26,9%
1-2	271	34,4%
2-3	170	21,6%
3-4	88	11,2%
4-5	29	3,7%
fleiri en 5	17	2,2%




**Áfanginn er vel skipulagður**

Mjög ósammála	18	2,4%
Frekar ósammála	54	7,1%
Frekar sammála	289	37,8%
Mjög sammála	403	52,7%




**Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)**

Mjög ósammála	55	7,0%
Frekar ósammála	77	9,8%
Frekar sammála	295	37,5%
Mjög sammála	284	36,1%




**Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glæsur, verkefni o.þ.h.**

Mjög ósammála	39	4,9%
Frekar ósammála	51	6,5%
Frekar sammála	276	35,0%
Mjög sammála	376	47,7%



**Námsmat byggt á skyndiprófum/hlutaprófum/kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni**

Mjög ósammála	34	4,3%
Frekar ósammála	53	6,8%
Frekar sammála	290	37,0%
Mjög sammála	301	38,4%




**Mér finnst samræmi milli  
prófa/verkefna og kennslu/markmiða  
áfangans**

Mjög ósammála	25	3,2%
Frekar ósammála	36	4,6%
Frekar sammála	264	33,7%
Mjög sammála	383	48,9%




**Vinnuálag áfangans er hæfilegt**

Mjög ósammála	22	2,9%
Frekar ósammála	66	8,7%
Frekar sammála	304	39,9%
Mjög sammála	369	48,5%



**Aðstaða til náms og kennslubúnaður er  
góður**

Mjög ósammála	15	2,0%
Frekar ósammála	30	4,0%
Frekar sammála	261	34,7%
Mjög sammála	446	59,3%




**Útskýringar og fyrirmæli eru skýr**

Mjög ósammála	38	4,8%
Frekar ósammála	56	7,1%
Frekar sammála	231	29,2%
Mjög sammála	466	58,9%




**Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir**

Mjög ósammála	13	1,7%
Frekar ósammála	28	3,6%
Frekar sammála	210	26,7%
Mjög sammála	536	68,1%



**Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér**

Mjög ósammála	22	2,8%
Frekar ósammála	33	4,2%
Frekar sammála	186	23,5%
Mjög sammála	551	69,6%



**Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka**

Mjög ósammála	28	3,7%
Frekar ósammála	40	5,4%
Frekar sammála	226	30,3%
Mjög sammála	453	60,6%




**Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppgjandi athugasemdum**

Mjög ósammála	18	2,6%
Frekar ósammála	34	4,9%
Frekar sammála	243	34,8%
Mjög sammála	404	57,8%



**Hæfilegur agi er í kennslustundum**

Mjög ósammála	25	3,2%
Frekar ósammála	44	5,6%
Frekar sammála	236	30,1%
Mjög sammála	480	61,1%



**Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni**

Mjög ósammála	41	5,5%
Frekar ósammála	106	14,1%
Frekar sammála	263	35,0%
Mjög sammála	342	45,5%




**Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir**

Mjög ósammála	17	2,1%
Frekar ósammála	33	4,2%
Frekar sammála	183	23,1%
Mjög sammála	558	70,5%



**Kennari setur reglulega tilkynningar, kennslufni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga (Moodle)**


Mjög ósammála	28	3,8%
Frekar ósammála	58	7,8%
Frekar sammála	205	27,6%
Mjög sammála	453	60,9%



**Samanburður milli ára.**


Spurningarnar í þessari könnun skiptast í þrjá flokka þar sem spurt er um áfangann sem slíkan, kennsluna í áfanganum og loks er nemandinn að meta eigið nám og frammistöðu. Hér eru töflur sem sýna svör nemenda í þessum flokkum og síðan sömu gögn sett fram á stöplarití.

Leggðu mat á áfangann	Vor 17	Haust 17	Vor 18
Aðstaða til náms og kennslubúnaður er góður	3,5	3,6	3,6
Áfanginn er vel skipulagður	3,4	3,5	3,5
Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)	3,2	3,4	3,3
Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glærur, verkefni o.þ.h.	3,3	3,5	3,4
Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans	3,4	3,7	3,6
Námsmat byggt á skyndiprófum/ hlutaprófum/ kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni	3,3	3,6	3,5
Vinnuálag áfangans er hæfilegt	3,3	3,4	3,4
<b>Meðaltal</b>	<b>3,3</b>	<b>3,5</b>	<b>3,5</b>






Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	Vor 17	Haust 17	Vor 18
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,6
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,2	3,4	3,3
Hæfilegur agi er í kennslustundum	3,5	3,6	3,5
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga	3,5	3,6	3,6
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir	3,6	3,6	3,6
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir	3,6	3,6	3,6
Útskýringar og fyrirmæli eru skýr	3,4	3,4	3,4
Verkefnum/ ritgerðum/ o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/ uppbyggjandi athugasemdum	3,4	3,7	3,7
Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka	3,5	3,7	3,6
<b>Meðaltal</b>	<b>3,5</b>	<b>3,6</b>	<b>3,6</b>




Leggðu mat á nám þitt í áfanganum	Vor 17	Haust 17	Vor 18
Ég fylgist vel með og vinn verkefni samviskusamlega	3,5	3,6	3,4
Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans	3,3	3,4	3,5
Ég mæti vel í kennslustundir	3,3	3,5	3,3
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	3,2	3,4	3,2
Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga	3,3	3,4	3,3
<b>Meðaltal</b>	<b>3,3</b>	<b>3,5</b>	<b>3,3</b>



Tölur í þessum töflum/myndum eru fengnar þannig að svörum nemenda eru gefin gildin 1 (mjög ósammála) upp í 4 (mjög sammála) og meðaleinkunn síðan reiknuð fyrir hverja spurningu. Lægsta einkunn fékk fullyrðingin „Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi“ sem fékk einkunnina 3,2. Almennt voru lægstu einkunnirnar í flokknum sem snýr að nemandanum og meðaleinkunn í þeim flokki var 3,3 meðan staðhæfingarnar sem fengu hæstu einkunnir voru flokknum þar sem kennslan var metin. Hæstu einkunn fékk fullyrðingin „Verkefnum/ ritgerðum/ o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/ uppbyggjandi athugasemdum“ eða 3,7 og spurningar um stundvísi, undirbúning og viðmót kennara fengu allar einkunnina 3,6 sem einning var meðaltal í þeim flokki. Breyting milli anna er óveruleg en einkunnir lækka heldur frá síðustu önn.

## Raddir nemenda

Nemendur sem svöruðu könnuninni voru beðnir um að gefa kennurum einkunn á skalanum 1 – 10. Þær einkunnir má sjá í töflunni hér fyrir neðan sem sýnir samanburð við tvær fyrri annir. Einkunnirnar skera sig ekkert úr og áfram gefa flestir einkunnina 10 þó hlutfallið hafi lækkað aðeins frá fyrri önnum. Meðaleinkunn var 8,4 eins og á vorönn 2017.



Loks voru nemendur beðnir að svara að tveimur opnum spurningum. Spurt var: „Hvað finnst þér best við áfangann?“ og „Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum?“ Nemendur svara þar með eigin orðum og kennir þar margra grasa. Flest eru svörin skýr og málefnaleg en í stöku svari örlar á pirringi. Inna býður ekki upp á annað en að öll svör komi fyrir sjónir kennara og er því mikilvægt að kennarar lesi þessi svör með opnum huga og taki bæði lofi og lasti með jafnaðargeði.

## Lokaorð

Kennslumat/áfangamat er framkvæmt í samræmi við VII. kafla framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem kveðið er á um að skólar meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Tilgangur þess er margþættur:

- Mikilvægt er fyrir kennara er að hann fái endurgjöf á störf sín og geti í framhaldinu hlúð að styrkleikum og bætt úr veikleikum.

- 
- Fyrir stjórnendur veitir kennslumatið upplýsingar þannig að þeir geti veitt kennurum stuðning, hrósað þeim ef það á við og hvatt þá til dáða eða úrbóta ef þess er þörf.
  - Tilgangur fyrir nemendur er að gefa þeim tækifæri til að segja sitt álit og hafa þannig áhrif á kennslu og skólastarf.
  - Loks er ávinningur fyrir skólann að geta borið saman áfangana milli anna og ára og fylgst þannig með breytingum og þróun sem verða í kennslu og kennsluháttum.